

## Samkomulag um sérstakan lífeyrisauka fyrir félagsmenn

### Eflingar-stéttarfélags, Samiðnar og VM – félags vélstjóra og málmtæknimanna sem starfa hjá Faxaflóahöfnum

Samningsaðilar eru sammála um að samkomulag um breytingar á ákvæði 14.1 í gildandi kjarasamningum aðila við Reykjavíkurborg frá 21. september 2017, sem skrifað var undir af hálfu fjármála- og efnahgsráðherra og Reykjavíkurborgar annars vegar og ASÍ hins vegar fyrir hönd viðkomandi stéttarféлага, gildi einnig fyrir félagsmenn Eflingar, Samiðnar og VM sem starfa hjá Faxaflóahöfnum.

Samkvæmt samkomulaginu fellur niður núgildandi ákvæði 2. mgr. í gr. 14.1.2 í gildandi kjarasamningi aðila við Reykjavíkurborg um tengingu móttframlags vinnuveitanda við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna nema að til komi enn frekari framlög til varúðarsjóðs, lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar LSR á grundvelli bráðabirgðaákvæðis X.b og X.c í lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og munu þá aðilar semja um það hvernig við því verði brugðist með sambærilegum hætti.

#### Ákvæði til bráðabirgða um sérstakan lífeyrisauka

Greiða skal sérstakan lífeyrisauka, sem greiddur skal mánaðarlega, vegna þeirra félagsmanna Eflingar, Samiðnar og VM sem starfa hjá Faxaflóahöfnum og eru virkir greiðendur í lífeyrissjóði viðkomandi stéttarféлага á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017 og skulu þeir eiga rétt til þessa lífeyrisauka á meðan þeir starfa hjá Faxaflóahöfnum., sbr. þó 2. mgr.

Félagsmaður sem ekki greiddi iðgjöld síðustu 12 mánuði fyrir 1. júní 2017, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans hjá Faxaflóahöfnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 1. mgr.

Verði rof á ráðningarsambandi af öðrum ástæðum en segir í 2. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Félagsmenn sem voru ekki í starfi á tímabilinu frá júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslu lífeyrisauka verði þeir ráðnir til starfa hjá Faxaflóahöfnum á ný eigi síðar en tólf mánuðum eftir 1. júní 2017. Heimilt er að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs félagsmanna.

Starfsmenn Faxaflóahafna sem áður störfuðu hjá ríki eða Reykjavíkurborg og áttu rétt til sérstaks lífeyrisauka skulu halda þeim rétti og eru Faxaflóahafnir skyldugir að greiða viðbótargjaldið eins og það er á hverjum tíma. Réttur til lífeyrisauka nær einnig til þeirra starfsmanna Faxaflóahafna sem störfuðu hjá stofnunum og fyrirtækjum, sem fjármagnaðar eru með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum frá ríki eða Reykjavíkurborg og gert hafa kjarasamning við aðildarfélag ASÍ með beinni tilvísun í kjarasamninga fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eða Reykjavíkurborgar og uppfylla ákvæði 1., 2. og 3. mgr. enda hafi þessar stofnanir og fyrirtæki undirgengist sömu skyldur gagnvart félagsmönnum sem starfa hjá ríki og Reykjavíkurborg og hefja störf hjá þeim.

Starfsmaður öðlast þennan rétt hjá Faxaflóahöfnum frá upphafi ráðningar, enda hafi hann lagt fram staðfestingu frá fyrri vinnuveitanda, ella öðlast hann þann rétt frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn þar að lútandi frá fyrri vinnuveitanda.

Iðgjald til sérstaka lífeyrisaukans skal fara eftir ákvörðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og skal það endurskoðað árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun sjóðsins á iðgjaldi til launagreiðanda sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum. Skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár, en iðgjald vegna ársins 2017 skal vera 5,85% skv. tilkynningu LSR frá 7. apríl 2017.

Reykjavík, x desember 2017

F.h. Eflingar-stéttarfélags

F.h. Faxaflóahafna

F.h. Samiðnar

F.h. VM – Félags vélstjóra og málmtæknumanna